



Lokun Gömlu Hringbrautar, jarðvegsframkvæmdir við nýjan meðferðarkjarna, framkvæmdir við Barnaspítala og Gamla spítala, þverun Laufásvegar og unnið að bílastæðum á suðaustur svæðinu.

Fréttir af verkefninu og staða framkvæmda

1. Lokun Gömlu Hringbrautar

- Þann 8. febrúar var Gömlu Hringbraut lokað eins og áætlað var vegna framkvæmda við grunn nýs meðferðarkjarna. Mikilvægt er að almenningur kynni sér vel þær breytingar sem hafa orðið á akstri bæði einkabíla og strætisvagna um svæðið í nálægð við Landspítala.
- Nauðsynlegt er að virða þær merkingar sem komið verður upp tengt þessari stóru framkvæmd og þær hjáleiðir sem hafa verið settar sökum lokunarinnar.
- Framkvæmdir hafa gengið vel og í veturnum meginþungi framkvæmda vera í mikilli nálægð við starfsemi Landspítala en eftir því sem verkinu miðar áfram þá mun framkvæmdabunginn færast fjær starfseminni.
- Lokunin nær frá innkeyrslu inn á bílastæði Landspítala að Laufásvegi. Unnið er að því að taka í burtu Gömlu Hringbrautina á kafla vegna uppgrafrar fyrir meðferðarkjarnann.

2. Jarðvegsframkvæmdir við nýjan meðferðarkjarna Landspítala (sjá nr. 1 á korti)



- Vinna er í fullum gangi fyrir neðan Gömlu Hringbraut og búið að girða af svæðið.
- Unnið er að sprengingum og keyra í burtu efni.
- Búið að aðskilja innkeyrslu inn að Læknagarði frá framkvæmdasvæðinu.
- Ekki er lengur hægt að aka inn á framkvæmdasvæðið og svæðið vaktarð sem veitir öryggi fyrir vegfarendur.

3. Framkvæmdir við Barnaspítala (sjá nr. 2 á korti)



- Lagnavinnu er lokið og verið að fylla þar aftur að og ganga frá yfirborði sunnan við Barnaspítala.
- Verið er að steypa upp tengigang frá aðalinngangi Barnaspítala sem mun tengjast meðferðakjarnanum.

4. Framkvæmdir við Gamla spítala (sjá nr. 3 á korti)



- Fyrir framan Gamla spítalann er lagnavinnu nánast lokið og fylling í kringum lagnir langt komin.
- Verið er að vinna að nýrri akstursleið frá neðri bílastæðum og upp á milli Kvennadeildar og Kringlu. Þegar sú akstursleið verður tilbúin mun verktakinn rjúfa núverandi akstursleið til að klára síðasta hluta lagnaskurðarins sem liggur alla leið frá vörumóttöku LSH og vestur fyrir Laufásveg.

5. Þverun Laufásvegar (sjá nr. 4 á korti)



- Samkvæmt áætlun verður unnið að þverun Laufásvegar frá 8. febrúar til 8. mars.
- Verið er að þvera Gömlu Hringbrautina með veitulögnum.

6. Bílastæðareitir C og D (sjá nr. 5 á korti)

- Nú styttist í að bílastæðareitir C og D sem eru á suðaustur svæðinu verði opnaðir.
- Unnið er að gönguleiðum frá þeim og upp á Landspítala.
- Um leið og hlánar þá verður hægt að klára þau bílastæði og malbika Neðstu götu (Hvannargötu).
- Mikilvægt er að benda á að bæði aðkeyrsla og frákeyrsla frá þeim stæðum verður í gegnum Læknagarðs aðkomuna (bílastæðin við Læknagarð).

Áhrif á akstur strætisvagna:

Með tilkomu lokunar Gömlu Hringbrautar urðu breytingar á akstri strætisvagna.

Allar nánari upplýsingar um akstur strætisvagna í nágrenni Landspítala er að finna á vefslóðinni <https://straeto.is/is/leidakerfisbreytingar-2019>

Þar er að finna allar upplýsingar um breytingar á akstri strætó ásamt nýjum leiðakortum og myndbandi um helstu breytingar af þessari framkvæmd.


Áhrif á gönguleiðir á svæðinu: (sjá skýringarmynd)

Jarðvegsframkvæmdirnar hafa einnig mikil áhrif á gönguleiðir á framkvæmdasvæði nýbygginga í Landspítalaþorpinu. Miklar gatnaframkvæmdir og stækkun athafnasvæðis verktaka munu hafa í för með sér röskun á gönguleiðum.

Nánari upplýsingar um breytingar á gönguleiðum eru útskýrðar á eftirfarandi myndbandi: <https://vimeo.com/314255862>

Skýringarmynd

Á kortinu eru sýndar gönguleiðir, götulokanir og framkvæmdasvæði.



Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmöldum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:

Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is

Ólafur Birgisson verkefnastjóri FSR, 896 7330 eða netfangið olafur.b@fsr.is

Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is.

Sértaðar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644 stefanhh@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is



nlsh.is

NLSH ohf. / Skúlagata 21, 101 Reykjavík / Aðalnúmer 551 6010 / kt. 500810-0410 / postur@nlsh.is

Höfundaréttur © NLSH ohf.

Póstfang:

postur@nlsh.is

Viltu breyta viðtöku á fjöldapóstinum?

Hér má breyta skilyrðum [update your preferences](#) eða afskrá [unsubscribe from this list](#).